

Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands

María Rúnarsdóttir



María Rúnarsdóttir
formaður FÍ

Ég fyllist stolti þegar ég lít yfir viðburði Félagsráðgjafafélags Íslands á liðnu starfsári. Fyrst ber að nefna Félagsráðgjafafélag 2019, *Börnin geta ekki bedið*. Þingið sóttu tæplega 400 félagsráðgjafar og samstarfsfólk og þar var haldið áfram umræðunni, sem hófst á alþjóðlega mannréttindadeginum í desember, um þróun þjónustu við börn og fjölskyldur á Íslandi.

Fagdeildir Félagsráðgjafafélags Íslands eru mjög mikilvægar í starfi félagsins en þær standa fyrir reglulegum fræðslufundum auk þess sem stjórn leitar til þeirra við gerð umsagna um málefni sem tengjast sérfræðisviði þeirra. Fagdeildirnar hafa staðið fyrir fjölda viðburða á starfsárinu, svo sem vinnusmiðju um flóttafólk, morgunverðarfundum um endurhæfingu í heimahúsi, félagsþjónustu sveitarfélaga og umfjöllun um börn og barnavernd í fjölmiðlum og málþingi um sáttamiðlun og vinnuadstæður barnaverndarstarfsmanna. Bind ég vonir við að starf fagdeilda, sem og samstarf þeirra, eflist enn frekar á komandi árum og leiði til aukinnar vitneskju um sérfræðisþekkingu félagsráðgjafa og mikilvægi félagsráðgjafar í þróun íslensks velferðarsamfélags.

Í Félagsráðgjafafélagi Íslands eru einnig starfandi landshlutadeildir og vil ég hrósa félagsráðgjöfum á Suðurlandi fyrir pistla í Dagskrána á Suðurlandi undir fyrirsögninni *Félagsráðgjafar á Suðurlandi skrifa um velferðarmál*. Pistlunum er deilt á Facebook-síðu félagsins og hvet ég ykkur til þess að deila efni um félagsráðgjöf áfram á samfélagsmiðlum, sem er ein skilvirkasta og hagkvæmasta auglýsing sem völ er á.

Umræða um ímynd félagsráðgjafar sem fags er félagsráðgjöfum hugleikin og á vormánuðum 2018 ákvað stjórn félagsins að greina með félagsmönnum hvar faglegir styrkleikar félagsráðgjafa liggja til þess að geta styrkt ímynd félagsráðgjafar enn frekar í samfélaginu. Tekin voru viðtöl við valda félagsráðgjafa, félagsmönnum gafst færi á að svara könnun auk þess sem hópur félagsráðgjafa tók þátt í rýnifundi. Vinna er hafin á grundvelli niðurstaðna en mikilvægt er að greina enn frekar hvar sóknarfærin liggja og gera áætlun um hvernig félagið

getur stigið fram með markvissum hætti, til kynningar og eflingar félagsráðgjafar sem fags á Íslandi.

Síðast en ekki síst vil ég þakka nefndum Félagsráðgjafafélags Íslands fyrir mikilvæga viðburði á þeirra vegum í ár. Síðanefnd stóð fyrir viðburði á alþjóðlegum baráttudegi gegn fátækt þar sem félagsráðgjafar vöktu athygli almennings og fjölmiðla á skeytingarleysi um fátækt með því að hlaupa og lesa reynslusögur. Þá hefur Vísindanefnd verið mjög virk og haldið námskeið um ritun greina og vinnusmiðju um gerð ágrípa (e. abstracts). Er það gleðilegt að æ fleiri félagsráðgjafar stíga nú fram og senda inn ágríp á innlendar og erlendar ráðstefnur og kynna rannsóknir og verkefni sem þeir vinna að. Öflugt starf félagsins byggist ekki hvað síst á gróskumiklu starfi nefnda þess og deilda og þátttöku félagsráðgjafa í samfélagslegri umræðu í fjölmiðlum.

Félagsráðgjafafélag Íslands er fag- og stéttarfélag félagsráðgjafa á Íslandi og eru kjara- og réttindamál þungamiðjan í starfi félagsins. Samningar við ríki, Reykjavík og sveitarfélögin eru lausir og framundan eru kjaraviðræður við þessa samningsaðila, sem og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Kjara- og réttindabaráttu er aldrei lokið og mikilvægt er að í Félagsráðgjafafélagi Íslands starfi öflugt trúnaðarmannaráð sem fylgist með framkvæmd kjarasamninga á vinnustöðum og sé tengiliðir félagsmanna við félagið. Umræða um vinnuadstæður, kulnun og fjölskylduvænan vinnumarkað er mikil nú í íslensku samfélagi og eru félagsráðgjafar þar ekki undanskildir. Í vetur hefur VIRK starfsendurhæfingarsjóður staðið fyrir vitundarvakningu undir yfirskriftinni *Er brjáláð að gera? Vinnum saman að jafnvægi*. Á síðunni www.velvirk.is er að finna upplýsingaefni sem ég hvet ykkur til þess að skoða og ræða meðal vinnufélaga ykkar, og vera vel vakandi fyrir eigin líðan og heilsu og sækja handleiðslu.

Ég hef verið þess heiðurs aðnjótandi að vera formaður Félagsráðgjafafélags Íslands frá 2012 og vil þakka ykkur samstarfið og traustið sem ég hef notið í störfum mínum. Ég hverf úr starfi formanns reynslunni ríkari og full þakklætis fyrir að hafa fengið að starfa með ykkur að málefnum félagsráðgjafar á Íslandi. Að endingu óska ég nýjum formanni, Steinunni Bergmann, og félaginu okkar farsældar í starfi til langrar framtíðar.




Ráðstefna IFSW í Dublin 2018

Alþjóðleg ráðstefna félagsráðgjafa var haldin í Dublin á Írlandi sumarið 2018. Yfirskrift ráðstefnunnar var sjálfbærni umhverfis og samfélaga og þær lausnir sem sýbreytilegur nútíminn kallar á. Fjöldi fagaðila var á ráðstefnunni og voru þátttakendur 2.163 talsins, frá 6 heimsálfum og 99 löndum. Undirritaðar fóru á ráðstefnuna og voru með erindi um stuðning við sjálfstætt líf og sértæka ráðgjöf fyrir þá sem glíma við skerðingar og langvinn veikindi, með áherslu á mikilvægi faglegra vinnubragða félagsráðgjafa.

Á ráðstefnunni var fjöldinn allur af áhugaverðum erindum og veggspjöldum, flokkaður eftir þeimum ráðstefnunnar. Þau voru:

1. Tenging umhverfis og sjálfbærrar þróunar
2. Hlutverk félagsráðgjafa í því að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
3. Tekjur, velferð, atvinna og fátækt
4. Tengsl: Vinna með áherslu á tengsl og samskipti
5. Gagnreyndar aðferðir við íhlutun
6. Að efla menntun til að mæta þörfum samfélaga
7. Sjálfsmynd, mismunun og félagsleg útskúfun
8. Þróun samfélaga og nýsköpun
9. Heilsa, geðheilsa og skerðingar
10. Átök, ofbeldi, fólksflutningar og mansal
11. Notendasamráð
12. Réttindi barna og fjölskyldna
13. Lífshlaupið, sjónarhorn og verkefni á mismunandi tímum
14. Að tryggja sjálfbærni og siðferðilega notkun velferðartækni
15. Málefni kvenna

Mary Robinson, sem var fyrsti kvenforseti Írlands og vinnur nú fyrir Sameinuðu þjóðirnar, var einn af aðalfyrirlesurum ráðstefnunnar og flutti áhrifamikla ræðu þar sem hún lagði áherslu á vernd umhverfisins og samfélagslega ábyrgð okkar allra á því að ná jöfnuði í heiminum. Hún ræddi mikið um breytingar á pólitísku umhverfi og benti á að það væri að færast í vöxt að pólitískir lýðskrumarar höfnuðu þörf á umhverfisvernd og sömuleiðis ætti félagslegt réttlæti og mannúð undir högg að sækja. Aðspurð tók Mary m.a. dæmi um innflytjendastefnu Bandaríkjanna og pólitíska umræðu tengda Brexit.



Mynd: Mary Robinson (4. júlí 2018)

Mikill fjöldi fyrirlesara kom fram í kjölfarið og einnig voru þarna mörg áhugaverð veggspjöld þar sem fagfólk var að kynna ýmist rannsóknir eða úrræði sem verið er að þróa til að bæta lífsgæði fólks.

Það er mjög hvetjandi fyrir fagfólk að fara á svona metnaðarfulla ráðstefnu, heyra hvað aðrir eru að gera og geta rætt við fagfólk víðsvegar að úr heiminum. Það fær okkur annars vegar til að velja því fyrir okkur hvort við séum á einhvern hátt eftir á og svo hins vegar hvort við stöndum okkur jafnvel betur en aðrir á sumum sviðum. Síðast en ekki síst kemur félagsráðgjafinn frá litla Íslandi heim með fjöldann allan af hugmyndum og jafnvel tengslum sem geta nýst í áframhaldandi starfi. Andinn lyftist og maður hlakkar til að snúa aftur til vinnu með nýja nálgun og hugmyndir að úrræðum í farteskinu.

Næsta alþjóðlega ráðstefna félagsráðgjafa verður haldin í Calgary í Kanada í júlí 2020 og er þegar búið að opna heimasíðu hennar: www.swsd2020.com

Síðast en svo sannarlega ekki síst má nefna að Dublin er afskaplega skemmtileg borg og Írar með afbrigðum skemmtilegir og gestrisnir.

Sigrún Ingvarsdóttir


Þórdís Linda Guðmundsdóttir



Næstu ráðstefnur



Næsta ráðstefna Evrópudeildar Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa, IFSW Europe, verður 8.–11. september í Vín í Austurríki. Yfirskriftin er Social protection and human dignity. Allar upplýsingar ásamt skráningu er að finna á slóðinni www.ifsw2019.com



Næsta ráðstefna Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa, IFSW, verður í Calgary í Kanada 15. til 18. júlí 2020. Yfirskriftin er The Global Social Work Agenda – the next ten years. Allar upplýsingar ásamt skráningu er að finna á heimasíðu IFSW, www.ifsw.org

Frá siðanefnd Félagsráðgjafafélags Íslands

Guðrún H. Sederholm

Siðanefnd FÍ hefur á undanförunum árum einbeitt sér að því að setja á oddinn „hin siðlegu“ umræðuefni. Hvað telst til hins siðlega og hvað ekki? Í nefndinni eru þær Guðrún H. Sederholm, Helga Þórðardóttir og Kolbrún Borg Guðjónsdóttir. Fyrir þremur árum fékk siðanefndin álit Persónuverndar á því hvað væri leyfilegt varðandi upplýsingaöflun félagsráðgjafa um persónulega hagi skjólstæðinga. Var þá einkum vísað til upplýsingaöflunar á Facebook. Ástæða þessa var sú að nefndinni höfðu borist ábendingar um að félagsráðgjafar leitundu upplýsinga á samskiptamiðlum um skjólstæðinga sína. Af þessu tilefni gerði siðanefndin könnun meðal félagsráðgjafa sem leiddi í ljós að lítil sem engin vitneskja var meðal þeirra um þær reglur sem gilda í slíkum málum. Í framhaldinu fékk Félagsráðgjafardeild HÍ ábendingu frá siðanefndinni um niðurstöðurnar.

Siðanefndin hefur tekið virkan þátt í alþjóðadegi félagsráðgjafa sem haldinn er hátíðlegur 19. mars ár hvert. Þá hefur nefndin staðið fyrir nokkrum umræðustofum þar sem leitað er eftir vilja og áliði félagsráðgjafa á því hvert stefna skuli í framtíðinni. Hafa verið haldnir fundir um stefnumótun og valdeflingu sem þessu tengist svo að nefndin fái sem víðasta sýn á verkefnið. Þá hefur hún einnig tengt umræðuna meginumræðuefninu á Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa sem fram fór í

Hörpu í maí 2017, svo sem jaðarsetningu og fjársveldi til þeirra hópa sem minnst mega sín og skeytingarleysi stjórnvalda í þeirra garð sem oft birtist í nútímasamfélagi.

Á síðasta ári fékk siðanefndin til skoðunar tillögur um breytingar á siðareglum Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW) sem voru samþykktar í júlí 2018 og síðan gefnar út. Þar er megináhersla lögð á félagslegt réttlæti og andóf gegn óréttlæti. Enn fremur er lögð áhersla á öflugna pólitíska rödd félagsráðgjafa, og fellur það vel að áhersluatriðum siðanefndarinnar. Valdefling skjólstæðinga félagsráðgjafa er í forgrunni á fundum og í umræðustofum á vegum siðanefndarinnar, svo og stóraukin pólitísk umræða um hina jaðarsettu í samfélaginu.

Því hefur siðanefndin beitt sér fyrir stofnun „gjörningahóps“ sem hefur það meginmarkmið að skerpa verulega á umræddum áherslum. Þannig stóð hópurinn að baki gjörningi Félagsráðgjafafélags Íslands á alþjóðabaráttudegi gegn fátækt 17. október síðastliðinn.

Siðanefndin hefur hugsað sér að starfa áfram á þessum nótum með fulltingi allra sem hafa áhuga á að efla félagslegt réttlæti í samfélaginu og faglega vitund okkar. Hún býður alla félagsráðgjafa velkomna á opna umræðufundi nefndarinnar.



Alþjóðlegur baráttudagur gegn fátækt

Eldey Huld Jónsdóttir

Alþjóðlegur baráttudagur gegn fátækt er haldinn 17. október ár hvert. Á síðasta ári stóð Félagsráðgjafafélag Íslands, með svokallaðan gjörningahóp síðanefndar FÍ í fararbroddi, fyrir viðburði þar sem félagsráðgjafar vöktu athygli á skeytingarleysi stjórnvalda í garð einstaklinga og hópa sem búa við fátækt og eru jaðarsettir í íslensku samfélagi. Viðburðurinn hófst með því að lesin var upp fréttatilkynning frá félaginu við Útvarpshúsið að Efstaleiti 1, en þar er einnig til húsa Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Hljóðaði fréttatilkynningin svo:

Félagsráðgjafafélag Íslands fordæmir skeytingarleysi stjórnvalda á alþjóðlegum baráttudegi gegn fátækt.

Félagsráðgjafafélag Íslands vekur athygli á skeytingarleysi stjórnvalda í garð einstaklinga og hópa sem búa við fátækt og eru jaðarsettir í íslensku samfélagi. Skeytingarleysið birtist í formi of lítills fjármagns til mikilvægrar velferðarþjónustu og almennu skeytingarleysi samfélagsins gagnvart fátækt á Íslandi. Oft heyrast sagt: „Það er engin fátækt á Íslandi!“

Félagsráðgjafar þekkja vel til hvar skórinn kreppir í íslensku samfélagi og hvaða einstaklingar og hópar eru í hættu á að festast í fátækt og vanvirkni. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála, sporna við félagslegu ranglæti, vinna gegn mannréttindabrotum hvar svo sem þau eiga sér stað og efla umræðu um siðferði í íslensku samfélagi.

Við skorum á íslensk stjórnvöld að taka þetta til sín og standa við gefin loforð í þágu jaðarsettra hópa á Íslandi!

Að lestri loknum hljóp hópur félagsráðgjafa frá Útvarpshúsinu sem leið lá niður í Fógetagarðinn við Aðalstræti með viðkomu á Laugavegi 77 þar sem Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er til húsa.

Í Fógetagarðinum var búið að koma fyrir kassa og hljóðkerfi. Þar stigu félagsráðgjafar á stökk og lásu upp texta sem lýstu fátækt og aðstæðum þeirra sem búa við fátækt. Mátti þar meðal annars heyrja skilgreiningu á



Mynd 1. Hlaupagarpar úr hópi félagsráðgjafa.

sárafátækt úr skýrslu Hagstofunnar árið 2016, ljóð og kafla úr bókinni *Fátækt fólk* og efni af samfélagsmiðlum, svo sem sögur af Eflingarfólki, sögur frá öryrkjum og samtalsþræði þar sem fólk í fjárhagserfiðleikum sagði sögu sína og gaf ráð um það hvernig mætti ná endum saman milli mánaða. Þá voru lesnar upp reynslusögur fólks sem hafði leitað til Hjálparstarfs kirkjunnar með sín mál. Óhætt er að segja að viðburðurinn hafi vakið athygli fjölmiðla og boðskapnum verið komið vel til skila í fréttum og viðtölum í útvarpi og blöðum, auk þess sem upplýsingum um viðburðinn og fréttatilkynningunni var dreift á samfélagsmiðlum.



Mynd 2. Guðrún Sederholm og fleiri félagsráðgjafar lásu texta um fátækt.



Mynd 3. Góður hópur félagsráðgjafa tók þátt í gjörningnum í tilefni af alþjóðabaráttudegi gegn fátækt.

Að sögn Guðrúnar H. Sederholm, formanns síðanefndar FÍ, var kveikjan að þessum viðburði einkum tvennt. Annars vegar var það fyrirlestur Lenu Dominelli á Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa sem fram fór í Hörpu í maí 2017. Þar fjallaði Lena um jaðarsetningu, aukinn niðurskurð í velferðarþjónustu og skeytingarleysi almennings og stjórnvalda um hagi þeirra sem eru jaðarsettir. Hún sagði enn fremur að misrétti hefði aukist verulega á seinni árum og við því væri brugðist með því að rýra kjör almennings með viðvarandi niðurskurði. Þá væri viðtekið að flokka fólk í við- og þið-hópa þar sem við-hópurinn byggir til jaðarhópa eins og börn, konur, gamalmenni og aðra minnihlutahópa. Ekki yrði tekið á þessu misrétti meðan ekki væri vilji til að takast á við félagsleg og efnahagsleg vandamál.

Þessi orð Lenu hristu vel upp í félagsráðgjöfum. Síðanefndin ræddi þetta á fundum sínum og í umræðustofum og ákvað, ásamt þeim félagsmönnum sem sóttu

umræðustofurnar, að berjast meira en áður á opinberum vettvangi fyrir þá sem eru jaðarsettir og búa við misrétti. Er það í samræmi við það meginhlutverk félagsráðgjafa að berjast fyrir félagslegu réttlæti og mannréttindum hvar sem er. Í öðru lagi er þessi gjörningur sprottinn upp úr nýsamþykktum síðareglum alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW), en þar kemur fram rík áhersla á að tala máli notenda hinnar opinberu þjónustu og veita stjórnvöldum aðhald þegar kemur að stefnumörkun í málaflokknum.

Má búast við að fleiri slíkir gjörningar verði á dagskrá. Það skal áréttað að viðburðurinn spratt upp úr grasrót félagsráðgjafa, meðal félagsmanna sem sóttu umræðustofur síðanefndar, en skipulagning var í höndum síðanefndar og starfsmanna skrifstofu Félagssráðgjafafélags Íslands. Síðanefndin hefur haldið áfram með sína opnu umræðufundi reglulega og minnt er á að allir félagsráðgjafa eru þar velkomnir.



Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu – vertu með!

Sirry Sif Sigurlaugardóttir

Hittir þú eldra fólk í starfi þínu? Hittir þú fólk sem annast aldraða foreldra sína? Hefur þú áhuga á að taka þátt í starfsemi fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu? Á komandi árum mun þörf fyrir sérfræðibekkingu á málefnum aldraðra og öldrunarþjónustu aukast jafnt og þétt í takt við hækkandi hlutfalls eldra fólks í samfélaginu. Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu býður velkomna alla félagsráðgjafa sem sinna eldra fólki á einhvern hátt í störfum sínum eða hafa einfaldlega áhuga á málaflokknum.

Fagdeildin heldur úti virkum umræðuhóp á Facebook þar sem félagsráðgjafar um land allt geta tekið þátt í að móta áherslur deildarinnar. Allir viðburðir sem deildin stendur fyrir eða tekur þátt í eru auglýstir inni í hópnum. Lagt er upp með að standa fyrir nokkrum viðburðum á hverju ári, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra.

Árið 2018 voru nokkrir viðburðir. Sem dæmi má nefna opinn fagfund 15. mars í húsnæði BHM í Borgartúni. Þá var ekki annað á dagskrá en að hittast til að ræða málin og miðla því sem hver og einn væri að fást við í sínu starfi.

17. maí var vörfundur í Borgartúni. Þá sögðu félagsráðgjafar sem farið höfðu til Oslóar á 24. NKG – Norræna öldrunarfræðaðingid – fyrr um vorið frá því

markverðasta sem þar var kynnt. Gaman er að segja frá því að næsta NKG-þing verður haldið í Reykjavík í júní 2020. Nánari upplýsingar um það er að finna á www.25nkg.is.

13. september var haustfundur í Borgartúni. Þá kom Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir iðjuþjálfari og kynnti nýja þjónustu hjá Reykjavíkurborg: Endurhæfingu í heimahúsi. Sá fundur var vel sóttur og almenn ánægja meðal þátttakenda með erindið.

Jólafundurinn var haldinn í Stúdentakjallaranum fimmtudaginn 29. nóvember síðastliðinn. Þetta var bæði gert til að breyta aðeins til og til að gefa þeim sem vildu fá sér jólaöl færi á því. Þar var árið gert upp og línurnar lagðar fyrir næsta ár. Fagdeildin mun meðal annars taka þátt í Félagsráðgjafafélaginu þann 15. febrúar 2019 og fara í vettvangsheimsókn til að kynna sér þjónustuúrræði sem eldra fólki standa til boða.

Við vonumst til að sjá sem flesta á viðburðum hjá okkur árið 2019. Jafnframt minnum við á að það er alltaf hægt að hafa samband við fagraðið til að koma hugmyndum og tillögum á framfæri. Fagrað fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu skipa, ásamt undirritaðri, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Guðbjörg María Árnadóttir, Sigrún Þórarinsdóttir og Þorbjörg Árnadóttir.

Nýir sérfræðingar í félagsráðgjöf



Hinn 5. október 2018 fékk Elísabet Karlsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu. Elísabet lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands 2002 og meistaraþrófi frá sama skóla 2005. Þá lauk hún diplóma-námi í öldrunarþjónustu frá HÍ 2008. Hún starfaði sem félagsráðgjafi í Vesturgarði hjá Reykjavíkurborg til ársins 2005 og síðan sem félagsráðgjafi og þjónustustjóri við Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts til ársins 2008. Elísabet var aðstoðarmaður rannsakenda (Marta Szebehely) og tók samhliða námskeið á doktorsstigi við félagsráð-

gjafardeild Háskólans í Stokkhólmi 2008–2010. Hún var framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) frá 2010 til 2016. Frá janúar 2016 hefur hún verið verkefnastjóri og síðan forstöðumaður Fjölskyldumiðstöðvarinnar í Gerðubergi. Frá árinu 2003 hefur hún verið stundakennari við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, og aðjúnkt frá árinu 2016. Elísabet er í stjórn Ís-forsa, var áður í stjórn öldrunarfræðafélags Íslands (2011–2016) og er félagi í The Council of International Fellowship for Social Workers and Youth Leaders (CIF) frá 2005. Hún var ritari í stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands frá 2006–2008 og formaður fræðslunefndar félagsins frá 2004–2006. Elísabet vann að fjölda rannsókna og útgáfu

rannsóknarrita í starfi sínu sem framkvæmdastjóri RBF og er meðhöfundur að ritröð RBF nr. VIII, Jaðarstaða foreldra – Velferð barna.



Hinn 3. október 2018 fékk Erla Björg Sigurðardóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu og áfengis- og vímuefnavanda. Árið 1989 lauk hún B.A.-prófi í Þjóðfélagsfræðum frá Háskóla Íslands, Cand.Mag.-prófi í Þjóðfélagsfræðum frá Háskólanum í Bergen árið 1997, 1998–1999 stundaði hún nám í félagsfræði á meistarastigi við háskólana í Bergen og Osló, lauk starfsréttindanámi í félagsráðgjöf árið 2002 frá Háskóla Íslands, meistaranámi í félagsráðgjöf frá sama skóla 2006 og námi í sáttamiðlun 2007. Frá 2009–2010 stundaði hún doktorsnám (ólókið) í félagsráðgjöf við Háskólann í Þrándheimi og síðan með hléum til ársins 2018. Erla starfaði sem félagsráðgjafi í félagsþjónustu Reykjavíkur í Breiðholti árin 2002–2007; meðal annars var hún verkefnastjóri Grettistaks. Frá október 2007 til desember 2010 var hún forstöðumaður búsetuúrræða á vegum velferðarsviðs Reykjavíkur. Frá desember 2010 til mars 2014 var hún verkefnastjóri rannsókna og þjónustumats hjá velferðarsviði Reykjavíkur og frá mars 2014 deildarstjóri gæða og rannsókna á skrifstofu sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkur. Erla hefur verið stundakennari við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands frá árinu 2004 og aðjúnkt frá árinu 2017. Hún hefur ritað greinar í tímarit Félagsráðgjafa og er meðhöfundur að ritröð RBF, Jaðarstaða foreldra – Velferð barna. Þá hefur Erla framkvæmt fjölda úttekta og rannsókna í störfum sínum hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Hún hefur tekið þátt í félagsstörfum og setið í stjórnnum fjölmargra félagasamtaka, svo sem Félagsráðgjafafélags Íslands. Hún var einn af stofnefndum Sáttar, félags fagfólks sem vinnur við lausn ágreiningsmála. Nú er Erla í framkvæmdastjórn SÁÁ og stjórn Ís-forsa.



Þann 4. október 2018 fékk Guðbjörg Edda Hermannsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði fræðslu- og skólamála. Guðbjörg Edda lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands árið 1996 og meistaragráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands árið 2008. Hún starfaði í átta ár

á Kvennasviði Landspítalans, og auk þess gaf hún út fræðsluefni og var með fyrirlestra fyrir foreldra. Þá hefur hún sinnt stundakennslu við Félagsráðgjafardeild HÍ í gegnum tíðina. Guðbjörg hefur starfað á sviði fræðslu- og skólamála síðastliðin 12 ár. Hún starfar hjá Reykjavíkurborg í tveimur skólum, Selásskóla og Grandaskóla.



Hinn 23. apríl 2018 fékk Íris Eik Ólafsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði réttarfélagsráðgjafar. Íris Eik lauk félagsráðgjafarnámi 2003, meistaragráðu í réttarfélagsráðgjöf 2010, framhaldsmenntun í opinberri stjórn-sýslu frá Háskóla Íslands 2011 og fjölskyldumeðferðarnámi frá Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2018. Hún hefur verið félagsráðgjafi í 15 ár á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, hjá Fangelsismálastofnun og við fíkni-, réttar- og öryggisgeðdeildir. Auk þess hefur hún sinnt stundakennslu við Háskóla Íslands frá 2007. Nú starfar hún á eigin stofu, Domus Mentis geðheilsustöð, sem réttarfélagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur.



Hinn 24. apríl 2018 fékk María Jónsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu og fötlunar. María lauk námi til starfsréttinda frá Háskóla Íslands 1. febrúar 1997 og meistaranámi frá sama skóla í júní árið 2010. María hefur starfað sem sérfræðingur hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins frá 2013 en starfaði áður sem félagsráðgjafi hjá Ás styrktarfélagi í 14 ár. Hún sinnti einnig stundakennslu við HÍ frá 2007 til 2013. María hefur skrifað fræðsluefni sem snýr að kynheilbrigði fyrir fólk með frávik í taugaproska og rekur fræðsluvef um kynheilbrigði, www.leikni.is

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði Tímarits félagsráðgjafar var farið rangt með upplýsingar um námskeið sem Ingibjörg Ásgeirsdóttir hefur sótt. Var sagt að hún hefði sótt námskeið og handleiðslu í sálgreiningu ungbarna og foreldra við Anna Freud Center í London. Hið rétta er að Ingibjörg hefur sótt námskeið og handleiðslu í Parent Infant Psychotherapy við Anna Freud Center í London. Er beðist velvirðingar á þessu.